

## Sjálfs mín(s) sök?

### 0. Inngangur

Sverrir Páll Erlendsson menntaskólakennari á Akureyri heldur úti málfarspistlum á netinu þar sem hann bendir á sitthvað sem hann telur betur mega fara í máli fólks.<sup>1</sup> Sverrir Páll hikar ekki við það að segja skoðun sína og fella dóma sem ég er reyndar iðulega ósammála. Pistill hans 7. apríl 2005 hét *Sjálfs mín sök* og er svohljóðandi:

#### Sjálfs mín sök

Spurt er hvort réttara sé að segja **sjálfs sín** eða **sjálfs síns**. Ég tel að sjálfs mín sök sé rétt, vegna þess að þetta er sök mín (sjálfs) (ekki sök míns), alveg eins og sök þín (sjálfs) og þá væntanlega líka sök sín (sjálfs), því enginn er dómari í sjálfs sín sök.

<http://www.ma.is/kenn/svp/pistlar/april05.htm>

Í fljótu bragði kann það að virðast eðlilegt að prófa að sleppa *sjálfur* og sjá hvernig það sem þá stendur eftir hagar sér. Vitanlega er það rétt að við segjum *sök mín* eða *mín sök* en ekki *\*sök míns* eða *\*míns sök*. En þessi aðferð gengur ekki alltaf upp, t.d. ekki í síðasta dæminu; við getum nefnilega ekki talað um *\*dómara í sín sök*.

Nú eru báðar myndirnar, *sín* og *síns*, vitanlega fullgildar fornafnsmyndir. Sú síðarnefnda er eignarfall eintölu í karlkyni og hvorugkyni af afturbeygða eignarfornafninu *sinn*, en sú fyrrnefnda getur bæði verið eignarfall afturbeygða fornafnsins *sig* og nf.et. í kvenkyni og nf. og þf.ft. í hvorugkyni af *sinn*. Vandinn er sá að hvorugt á við í sambandinu *sjálfs sín sök*. Þar mætti búast við eignarfornafni sem stæði með *sök*, en það ætti þá að vera í sama kyni, tölu og falli, og *sinn* í kvenkyni, eintölu og þágufalli er *sinni*, ekki *sín* – sbr. *viss í sinni sök*.

Ég hafði aldrei velt þessu sambandi fyrir mér en fannst þetta forvitnilegt og fór að skoða það frá ýmsum hliðum – aldur þess, uppruna, sögulega þróun, tíðni og tilbrigði. Í þeirri athugun komst ég að því að notkun þessa sambands er mjög á reiki í nútímamáli og hvorugt þeirra afbrigða sem til umræðu eru í pistli Sverris Páls er upprunalegt, en sú mynd sem hann mælir með virðist þó vera mun yngri í málinu en hin. Í 1. kafla greinarinnar er gefið lauslegt yfirlit yfir þróun sambandsins frá forn máli til nútíma, og í 2. kafla er gerð grein fyrir ýmsum afbrigðum sem fyrir koma í nútímamáli. Í 3. kafla er svo rætt um hver þessara sambanda séu rétt mál og hver rangt, og 4. kafli er niðurstöður og lokaorð.

### 1. *sjálfs sín(s)* áður fyrr

#### 1.1 *Sambeyging eignarfornafns við mismunandi orð*

Í fornu máli sambeygist eignarfornafnið iðulega nafnorðinu sem það á við. Þetta samband eignarfornafns og nafnorðs tekur síðan með sér *sjálfur* í eignarfalli, eins og hér er sýnt, en kyn og tala á *sjálfur* ræðst af undanfaranum. Í eftirfarandi dæmum sýna hornklofar liðskiptingu

---

<sup>1</sup> Þessi fluga á uppruna sinn í erindi sem flutt var á málþingi 29. október 2005 í tilefni þess að eitt hundrað ár voru liðin frá fæðingu Björns Guðfinnssonar. Ég þakka Höskuldi Þráinssyni og tveim ónafngreindum yfirlesurum fyrir gagnlegar athugasemdir.

þeirra hluta setninganna sem máli skipta, en undanfari fornafnanna *sinn* og *sjálfur* er skáletraður. Ritháttur þessara dæma, svo og annarra í greininni, er færður til nútímahorfs.

- (1) a. stjórnari himintunglanna, *sá* er stilla mundi gang þeirra [að [[vilja **sínum**] **sjálfs**]]. (*Formáli Snorra-Eddu*, 1. kafli)
- b. *Páll Kolbeinsson og þeir menn er með honum voru* höfðu eigi ránsfé og voru [á [[**sínum** kosti] **sjálfra**]]. (*Íslendinga saga*, s. 643)
- c. og reistu her í móti honum og felldu *hann* [á [[eigu **sinni**] **sjálfs**]]. (*Haralds saga Sigurðarsonar*, s. 692)
- d. En annað ráð munum *vér* taka en [brenna [[land **vort**] **sjálfra**]]. (*Fóstbræðra saga*, s. 840)

Í þessum dæmum hegðar eignarforafnið sér sem sé alveg eins og það gerir án *sjálfur*, og hægt er að fella *sjálfur* brott án þess að nokkuð breytist í gerð setninganna.

Því fer þó fjarri að öll dæmi um eignarforafn með *sjálfur* í fornu máli séu á þennan veg. Lítum aðeins á hvað Fritzner hefur um málið að segja í orðabók sinni.

Istedetfor at sætte Pron. *sinn* i samme Kasus som Substantivet, som derved skal betegnes som en tilhørende, sættes det stundom i Gen. (Neutr.?) som styret af dette Substantiv, [...] *er þat mitt ráð, at vér skilimk hér, ok fari [þér] síns veg hverr [...]*. Denne Anvendelse af *síns* er vistnok Oprindelsen til Konstruktionen *sjalfs síns* (o: sin egen), f. Ex. *minni sjalfs síns* istedenfor, hvad man heller skulde vente, *minni sjalfs sítt*; medens en Misforstaaelse af denne Konstruktions Oprindelse og rette Mening har givet Anledning til Udtryksmaader som *sjalfrar sínna* o.s.v. [...] (Fritzner 1954:246)

Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt að þetta samband taki breytingum. Eins og sést í dæmunum hér á undan fara merkingarleg og setningafræðileg skil nefnilega ekki saman. Setningafræðilega stendur eignarforafnið með nafnorðinu, en það myndar aftur á móti merkingarlega heild með *sjálfur*. Það er vandalaust að finna fjölda dæma af því tagi sem Fritzner nefnir í fornritum. Hér eru sýnd þrjú mismunandi sambönd.

- (2) a. og veitti *hann* Þorvarði mikið lið [með [[**sjálfs síns**] framkvæmd]]. og rösklegri framgöngu (*Þorgils saga skarða*, s. 701-2)
- b. Tel eg *bræður þína* hafa fallið ógilda [á [[**sjálfra sinna**] verkum]]. (*Egils saga*, s. 470)
- c. *þú* varð seld frá honum brott [með [[**sjálfrar þinnar**] syndum]]. (*Heilagra manna sögur* I, s. 463)

Eins og hornklofarnir eiga að sýna stendur eignarforafnið hér hliðstætt með *sjálfur* í stað þess að vera hliðstætt nafnorðinu. *sjálfur* þiggur sem fyrr kyn og tölu frá undanfara sínum.

Munurinn á dæmunum í (1) og (2), fyrir utan sambeyginguna, er sá að röð orða er önnur – í (1) er *sjálfur* á eftir eignarforafninu í stað þess að standa á undan því eins og í (2) og langflestum dæmum frá síðari öldum og úr nútímamáli. Eins og ónafgreindur yfirlesari bendir á er líklegt að þarna séu tengsl á milli. Í dæmunum í (1) er eins og *sjálfur* sé einhvers konar viðbót til frekari áherslu. Í (2) virðast *sjálfur* og eignarforafnið nær því að mynda eina heild, vera eitt forafn þar sem endurvísunarhlutverkið hefur færst af eignarforafninu yfir á *sjálfur* (eða á sambandið í heild).

## 1.2 Eignarforanafn hefur áhrif á persónufornafn og öfugt

Þessi breyting hefur síðan áhrif á sambönd þar sem *sjálfur* stendur með persónufornafni eða afturbeygðu fornafni í eignarfalli, á eftir forsetningu eða sögn. Þar varð engin breyting á falli, því að persónufornafnið eða afturbeygða fornafnið sambeygðist *sjálfur* fyrir. Það var hins vegar fallmyndin sem breyttist – bætti við sig *–s* og lagaði sig þannig að eignarforanafninu. Einnig má orða þetta þannig að í þessum samböndum fari menn að nota eignarforanafn í stað persónufornafns eða afturbeygðs fornafns, eins og fram kemur hér í lýsingu Fritznars.

Som man ogsaa i andre Tilfælde i Forbindelse med *sjalfts* har sat Gen. af det possessive Pronomens Neutrum brugt substantivisk [...] istedetfor Gen. af det tilsvarende personlige Pronomen [...] (Fritzner 1954:261)

- (3) a. að ekki hefðir þú sigrað mig ef þú [kk.] [nytir engis að nema [sjálfs þíns]]. (*Þorvalds þáttur tasalda*, s. 2320)
- b. og þó þeir einir að nauðsyn heldur til að hver [gæti [sjálfs síns]]. (*Bandamanna saga*, s. 10)

Hitt gerist svo líka, að notuð er orðmynd sem formlega er persónufornafn eða afturbeygt fornafn þar sem búast mætti við eignarforanafni.

- (4) a. er þú [kk.] dregur fram hluta mörlandans en svívirðir [[sjálfs þín] menn]. (*Gull-Ásu-Þórðar þáttur*, s. 2131)
- b. Sú er fleiri manna sögn að Magnús færi að [[sjálfs sín] vilja]. (*Saga Inga konungs og bræðra hans*, s. 765)
- c. Virð þú [kk.] til elsku mína og [manndóm [sjálfs þín]], að þú hefnir föður míns. (*Sörla saga sterka*, 15. kafli)
- d. Er nú vel, að hann gjaldi [einræðis [sjálfs sín]].. (*Hrólfs saga Gautrekssonar*, 17. kafli)

Dæmin um þetta í fornu máli eru hins vegar mjög fá; þetta eru þau einu sem ég hef fundið.

## 1.3 16.-19. öld

Á síðari öldum virðist sambandið *sjálfs síns* vera einhaft, bæði þar sem er upphaflegt eignarforanafn og þar sem er upphaflegt persónufornafn eða afturbeygt fornafn. Þetta gildir a.m.k. um söfn Orðabókar Háskólans (nú orðfræðistofu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), en dæmin í (5) og (6) eru tekin þaðan (sjá heimildaskrá).

- (5) a. Og er *Pétur* kom til **sjálfs síns** sagði hann. (1540)
- b. **sjálfs míns** verðskuldan sé ég hér. (1661)
- d. strax sem *maður* kemur til **sjálfs síns**. (1729)
- d. *alla þá*, sem ekki hafa gras og eru **sjálfs síns**. (um 1800)
- e. *vertu* ekki eldur í **sjálfs þíns** fé. Láttu ekki girndir **sjálfs þín** hafa af þér ólöglega. (1894)

Seinasta dæmið hér er sérstaklega athyglisvert. Þar eru tvær setningar sem standa saman í texta, og sú fyrri hefur *sjálfs þíns*, en sú seinni *sjálfs þín*. Setningafræðileg staða sambandanna er þó hin sama í báðum tilvikum; eignarfallið stjórnast af nafnorði (*fé sjálfs þíns* – *girndir sjálfs þín*). Að vísu er fyrra dæmið í forsetningarlið en ekki verður séð af tiltækum dæmum að það skipti máli.

#### 1.4 Breytingar eftir miðja 19. öld

Það er ekki fyrir en eftir miðja 19. öld sem fer að bera á dæmum um *sjálfs sín* og dæmum um *sjálfs síns* að fækka. Hér má sjá nokkur dæmi úr safni Orðabókarinnar.

- (6) a. afbrýðisemin kom *honum* fljótt til **sjálfs sín**. (1860)
- b. og svo verður *það* náttúrlega allt of gott til að vera vinnuhjú, og allt verður **sjálfs sín**. (1885)
- c. *Hann* varð nú maður **sjálfs sín** að mestu leyti. (1892)
- d. *Hann* kom til **sjálfs sín** við það að sjá föður hennar úti á mölinni. (f.hl. 20. aldar)
- e. En þá gerðist *hann* **sjálfs sín** maður. (um 1920)

Þessi breyting verður bæði í samböndum þar sem upphaflega var eignarfornafn og í samböndum með upphaflegt persónufornafn eða afturbeygt fornafn, og ekki verður annað séð en bæði samböndin fylgist að í tíma.

Snemma á 20. öld segir Jakob Jóh. Smári (1920:120):

[...] þegar í fornísl. gat fornafnið lagað sig eftir »sjálfur« í kyni, tölu og falli (t.d. sá er kirkju lét gera af sjálfs síns fé, með höndum sjálfra sinna); þessi villa færðist síðan inn í eignarf. persónufornafnanna (t.d. koma til sjálfs síns, sjálfrar sinnar) og er nú algeng í tali, ásamt þeirri villu, að eignarfornafnið breytir tölunni í »sjálfur« (t.d. þeir komu til sjálfs síns, f. þeir komu til sjálfra sín).

## 2. *sjálfs sín(s)* í nútímamáli

### 2.1 Sambönd sem koma fyrir

En hvernig er ástandið í byrjun 21. aldarinnar? Nú eigum við þess allt í einu kost að fá miklu betri yfirsýn yfir málnotkun venjulegra málnotenda en dauðhreinsaðir prentaðir textar gefa okkur. Nú getum við leitað að dæmum á netinu, og þar eru allir jafnir – engin ritskoðun, engir prófarkalesarar, engin mállögregla, engin netlögregla. Ég hef notað leitarvélina Google til að leita að dæmum um eignarfall af *sjálfur* með ýmsum myndum eignarfornafna. Afrakstur þeirrar leitar birtist í næstu dæmum.

Hér koma fyrst dæmi um *sjálfur* í eignarfalli eintölu karlkyns (eða hvorugkyns), með eignarfornafni – eða eignarfalli persónufornafns eða afturbeygðs fornafns – á eftir. Tölurnar vísa til dæmafjöldans sem Google fann (í október 2005) – fyrst heildartíðnin, en síðan tíðni hvers einstaks sambands. Hér má sjá að bæði *sín* og *síns* er mjög algengt, og ekki ýkja mikill munur þar á. Ég legg áherslu á að ekki má taka tölurnar of hátíðlega – bent hefur verið á að þær tölur sem Google gefur upp um leitarniðurstöður eru óáreiðanlegar. Samt sem áður gefa þær góða vísbendingu um hlutföllin.

- (7) a. **sjálfs mín/þín/sín – 1919** (404/596/919)  
*Höfundur* hefur einkarétt til að gefa út safn af **sjálfs sín** framlagi til umræðna.  
Það er lítið svo á að *hver þátttakandi* sé fulltrúi **sjálfs sín**.
- b. **sjálfs míns/þíns/síns – 1629** (578/548/503)  
*Decartes* fann veruleikann og líka vissuna um veruleika Guðs í hugskoti **sjálfs síns**.  
að *hann* var farinn að hjálpa öðrum **sjálfs síns** vegna en ekki annarra.

Í kvenkyninu er *sjálfrar sín* langalgengast. Fáein dæmi eru líka um *sjálfrar sinnar* eins og kom fyrir þegar í fornu máli. Reyndar eru nokkur þeirra dæma í raun forn málsdæmi, því að talsvert af fornum textum er á netinu. Þetta sýnir að það þarf að gæta sín vel við notkun

leitarvéla í málrannsóknnum. En sum þessara dæma eru þó úr nútímamáli. Einnig eru hér nokkur dæmi um *sjálfrar síns*, þar sem er ósamræmi milli kynsins á *sjálfur* og kyns eignarfornafnsins. Dæmin eru ekki mörg, en þetta er þó greinilega til.

- (8) a. **sjálfrar mín/þín/sín – 878** (245/321/312)  
 Auðvitað hlýtur *Ríkisendurskoðun* að endurskoða rekstur **sjálfrar sín** fyrir sig.
- b. **sjálfrar minnar/þinnar/sinnar – 41** (21/2/18)  
 Hún segir frá *Önnu* sem segir sögu **sjálfrar sinnar** og sögu ömmu sinnar, Hönnu.
- c. **sjálfrar míns/þíns/síns – 22** (8/0/14)  
 bókin er eftir Margit Sandemo og *hún* vann hana út frá sögum annarra og **sjálfrar síns**.

Í fleirtölunni er enginn kynjamunur í eignarfalli. Þar er sambandið *sjálfra sín* langalgengast, en allnokkur dæmi eru þó um *sjálfra sinna*. Athyglisverðast er þó að fjögur dæmi eru um *sjálfra síns*, þar sem eignarfornafnið er í eintölu þótt bæði *sjálfur* og undanfarinn séu í fleirtölu. Þessi dæmi eru þó svo fá að ekki er vogandi að draga neinar ályktanir af þeim.

- (9) a. **sjálfra sín - 271**  
 og *þeir* eru ekki fulltrúar annarra en **sjálfra sín**.  
 að vekja löngun hjá *félagsmönnum* til að vinna að frelsi, framförum og heill **sjálfra sín**.
- b. **sjálfra sinna - 33**  
 en að *þær* hafi ekki gildi **sjálfra sinna** vegna.
- c. **sjálfra síns – 4**  
 Stefnt er að því að *nemendur* hugleiði hverjir þeir eru í augum **sjálfra síns** og annarra.

## 2.2 Tíðni

Hér má svo sjá niðurstöður úr tvenns konar talningu. Annars vegar eru dæmin sem Google fann á netinu og eru væntanlega flest úr textum frá síðustu fimm árum eða svo, þótt ýmislegt eldra slæðist með – jafnvel úr fornmáli eins og ég nefndi áðan. Hins vegar eru tölur um sömu sambönd úr *Morgunblaðinu* frá 1913-2000, sem nú er hægt að leita í á timarit.is. Þetta efni er mjög forvitnilegt til samanburðar við tölurnar úr Google, af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi endurspeglar tölurnar úr *Morgunblaðinu* mestalla 20. öldina, en ekki síðustu fimm ár eins og Google. Í öðru lagi er *Morgunblaðið* prentað og (yfirleitt a.m.k.) lesið yfir fyrir prentun þannig að maður býst ekki við að finna þar aðrar myndir en þær sem eru viðurkenndar, a.m.k. ekki í verulegum mæli.

| (10)                          | Google |            | Morgunblaðið |            |
|-------------------------------|--------|------------|--------------|------------|
|                               | Fjöldi | % af heild | Fjöldi       | % af heild |
| sjálfrar minnar/þinnar/sinnar | 41     | 0,85       | 6            | 0,13       |
| sjálfrar mín/þín/sín          | 878    | 18,30      | 674          | 14,17      |
| sjálfrar míns/þíns/síns       | 22     | 0,46       | 3            | 0,06       |
| sjálfs mín/þín/sín            | 1919   | 40,00      | 2846         | 59,85      |
| sjálfs míns/þíns/síns         | 1629   | 33,96      | 504          | 10,60      |
| sjálfra sín                   | 271    | 5,65       | 715          | 15,04      |
| sjálfra minna/þinna/sinna     | 33     | 0,69       | 6            | 0,13       |
| sjálfra síns                  | 4      | 0,08       | 1            | 0,02       |
| Samtals                       | 4797   |            | 4755         |            |

Dæmin af netinu og úr *Morgunblaðinu* eru álíka mörg þannig að þægilegt er að bera tölurnar saman. Þarna eru *sín*-myndirnar yfirgnæfandi, einkum í *Morgunblaðinu*, en dæmin um *sjálfs síns* eru þó miklu fleiri en svo að hægt sé að líta framhjá þeim eða afgreiða þau sem einhvers konar villur. Hér má einnig nefna að ég leitaði að dæmum um þessi sambönd í íslenska talmálsbankanum, *Ís-tal* (sjá Þórunni Blöndal 2005), sem hefur að geyma 184 þúsund orðmyndir, en ekkert sambandanna var þar að finna. Það getur bent til þess að þessi sambönd tilheyri fremur ritmáli en talmáli, en um það er þó ekkert hægt að fullyrða án frekari rannsókna.

### 2.3 Sjaldgæf sambönd

Af framantöldum samböndum er *sjálfra síns* áberandi sjaldgæfast og öll dæmi um það nýleg – það fyrsta úr *Morgunblaðinu* árið 2000 en hin af netinu.

- (11) a. Ég legg aldrei traust mitt á *hljómsveitir* sem segjast aðeins vera að gera tónlist **sjálfra síns** vegna.
- b. að þeir sannfærast um að þau svör sem *þeir* varpa til **sjálfra síns** séu svör komin frá Guði.
- c. *Stuðningsmenn Þórs* [...] verða **sjálfra síns** vegna, liðsins og alls félagsins að standa heilshugar ...

Samböndin *sjálftrar sinnar*, *sjálftrar síns* og *sjálfra sinna* eru einnig sjaldgæf í nútímamáli. Eftirfarandi dæmi eru öll tekin af netinu, flest af blogg síðum.

- (12) a. Heima spurði fólk hví *kirkjan* legði meira upp úr ímynduðu þúsund ára afmæli **sinnar sjálftrar**.
- b. Auðvitað get ég [kvk.] ekki talað fyrir hönd neinna annarra en **minnar sjálftrar**.
- c. Sjálf geri ég þær kröfur til **sjálftrar mín**s að koma til dyranna eins og ég er klædd.
- d. *hún* [...] gerir miklar og oft á tíðum óraunhæfar kröfur til **sjálftrar síns**.
- e. Ég tel að líta verði á allar námsgreinar skóla einungis sem þátt af víðtækara námi eða viðfangsefnum skólans en að *þær* hafi ekki gildi **sjálfra sinna** vegna.

Sambandið *sjálfra sinna* virðist raunar hafa hljómað ókunnuglega í eyrum margra þegar á seinni hluta 19. aldar, eins og þetta dæmi sýnir.

[Úr dómi yfirdóms:] Eptir réttarvenju þeirri, sem nú gengr um allt land og lengi hefir gengið, eru leiguliðar skyldir að við halda á sjálfra sinna [sic] kostnað kúgildum þeim, er ábýlisjörðum þeirra fylgja [...] (*Þjóðólfrur* 6. sept. 1862, s. 152)

Hér vekur blaðið sérstaka athygli á *sjálfra sinna* í texta dómsins með því að setja [sic] á eftir því, og bendir það til að greinarhöfundur telji þetta samband ókunnuglegt eða rangt. En ekki hafa þó allir verið þeirrar skoðunar á þessum tíma:

[Ritstjóri *Þjóðólfs*] hefur þar fengið sjer tvö orðatiltæki í dóminum til að hæðast að, annað þessara orðatiltækja er, að í dóminum stendur: »sjálfra sinna«, sem með öllu er rjettmæli og tíðkanlegt í daglegu tali t.a.m. »sjálfra sinna vegna«, þó herra lögfræðingurinn ekki virðist vita það, því hann væri annars ekki að hæðast að því [...] (*Íslendingur* 12. sept. 1862, s. 67)

## 2.4 Ósamræmi milli sjálfur og undanfara

Í þeim dæmum sem við höfum séð fram að þessu hefur *sjálfur* staðið í eignarfalli sem ýmist stjórnast af nafnorði, sögn eða forsetningu. Kyn og tölu hefur *sjálfur* hins vegar yfirleitt þegið af undanfara sínum. Þetta er þó ekki algilt. Það er töluvert um að myndir karlkyns/hvorugkyns eintölu, *sjálfs sín* og *sjálfs síns*, vísi til undanfara í kvenkyni eða fleirtölu, þar sem búast mætti við *sjálfrar* eða *sjálfra*. Þetta er reyndar ekki nýtt – ég hef fundið dæmi um það allt frá 16. öld. Fyrstu tvö dæmin hér á eftir eru úr safni Orðabókarinnar en hin af netinu.

- (13) a. að *konan* fæði í **sjálfs síns** rúmi. (1846)  
b. Varla er *þessi veröld* enn til hálfis / vögnuð enn og komin til **sín sjálfs**. (19s)  
c. *Kristrún í Hamravík* bar einnig höfuðið hátt fyrir **sjálfs síns** hönd.  
d. *Hún* gerði fyrst kröfur til **sjálfs sín** og síðan til annarra.  
e. *Þær* gera miklar kröfur til **sjálfs síns** og hlaða á fleiri verkum en tíminn rúmar.  
f. Það er skortur á sjálfstrausti sem rekur *konur* áfram í að setja svona háar kröfur til **sjálfs síns**.  
g. Er það sú lagaframkvæmd og sá metnaður sem *stjórnarliðar* hafa á þingi fyrir **sjálfs síns** hönd og samvisku sinnar?  
h. Hliðstæðan væri þá í því fólgin hvernig *þeir* koma til **sjálfs sín** að loknu ferðalagi.

Þessi dæmi ættu e.t.v. ekki að koma sérstaklega á óvart. Því hefur verið haldið fram að karlkyn og hvorugkyn séu ómörkuð gagnvart kvenkyni, og eintala ómörkuð gagnvart fleirtölu (Eiríkur Rögnvaldsson 1990:61-63). Samkvæmt því er myndin *sjálfs* ómarkaðasta eða hlutlausasta eignarfallsmynd þessa fornafns, og ekki óeðlilegt að henni bregði fyrir í stað *sjálfrar* og *sjálfra*. Einkum má búast við þessu þegar langt er á milli fornafnsins og undanfarans, svo og í föstum samböndum af ýmsu tagi (s.s. *koma til sjálfs sín(s)*).

## 2.5 Yfirlit um notkun

Hér hef ég sett upp yfirlit um notkun sambandanna sem eru til umræðu. Stjarna og spurningarmerki tákna hér það sama og í tölvuumhverfi – stjarnan táknar ótiltekinn fjölda stafa, þ.m.t. 0, en spurningarmerkið táknar einn staf.

|                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| (14) <b>sjálf* ?ín</b>     | mjög algengt                |
| sjálfs sín/mín/þín         | alltaf; síður í kvk. og ft. |
| sjálfrar sín/mín/þín       | venjulegasta form kvk.      |
| sjálfra sín/mín/þín        | venjulegasta form ft.       |
| <b>sjálf* ?íns</b>         | mjög algengt                |
| sjálfs síns/míns/þíns      | alltaf; síður í kvk. og ft. |
| sjálfrar síns/míns/þíns    | sjaldgæft                   |
| sjálfra síns/míns/þíns     | mjög sjaldgæft              |
| <b>sjálf* ?innar/?inna</b> | sjaldgæft                   |

## 3. Rétt og rangt

Það er ljóst af því sem nú hefur verið rakið að fornafnsmyndir með eignarfalli af *sjálfur* eru talsvert á reiki. Því er forvitnilegt að athuga hvað skólafólki er kennt í þessum efnum, og hvort málnotendur geta einhvers staðar gengið að einhverjum upplýsingum um notkun þessara sambanda. Jakob Jóh. Smári (1920:120) segir í *Íslenzkri setningafræði* fyrir tæpum 90 árum:

[...] reglan í nýisl. ritmáli er sú, að nota eignarfall af »sjálfur« í réttri tölu og eignarfall persónufornafnsins, en ekki eignarfornafn (t.d. stela úr sjálfs sín hendi,

eg kom til sjálfs mín aftur, hún kom til sjálfrar sín, þeir gæta sjálfra sín, kraftur sjálfra vor o.s.frv.).

Miðað við þá texta sem ég hef skoðað er hæpið að þetta standist, en það fer þó eftir því hvaða skilningur er lagður í orðið *regla*. Ef það merkir 'venja' er þetta ekki rétt. Hér er miklu fremur um að ræða reglu í skilningi forskriftarmálfræði, þ.e. einhvers konar viðmið eða norm sem notað er í kennslu og málfarsleiðbeiningum án þess að auðvelt sé að átta sig á uppruna þess eða forsendum. Sé flett upp á *sjálfur* í Málfráttarbanka Íslenskrar málstöðvar á netinu finnst t.d. eftirfarandi klausa:

Rétt er að segja að einhver sé **sjálfs sín herra** en ekki "sjálfs síns herra".  
<http://www.ismal.hi.is/malfar/>

Engin skýring er gefin á þessu. Notandinn fær ekkert að vita við hvað er miðað, á hverju þessi afdráttarlausu regla byggist.

Það er þess vegna forvitnilegt að velja því fyrir sér á hverju hún **gæti** byggst. Varla á aldri, vegna þess að *sjálfs sín* er yngst af þeim þrem samböndum sem til greina koma. Sé litið á hefð á *sjálfs síns* sér óslitna hefð allt frá fornmáli, en varla er hægt að tala um að hefðin fyrir *sjálfs sín* sé eldri en frá seinni hluta 19. aldar. Ef við lítum aftur á móti á tíðnina þá er *sjálfs sín* vissulega algengast í nútímamáli, en *sjálfs síns* er þó mjög algengt líka, a.m.k. í óformlegu ritmáli. Hins vegar virðist *sjálfs sín* vera það eina sem talið er rétt í skólum og málfarsleiðbeiningum.

#### 4. Niðurstöður

Í þessari athugun hefur komið í ljós að hvorki *dómari í sjálfs sín sök* né *dómari í sjálfs síns sök* samræmist uppruna orðasambandsins, heldur *dómari í sök sinni sjálfs*, sem er ótækt í nútímamáli. Myndin *sjálfs síns (sök)* virðist þó vera einhöfð langt fram á 19. öld en eftir það fer að bera á myndinni *sjálfs sín (sök)* sem verður ríkjandi á 20. öld og er ein talin rétt. Myndir með *-s* eru þó mjög algengar, a.m.k. í óformlegu máli.

Niðurstaða mín er sú að það verði að greina umrædd sambönd sem sérstakt tvíyrt fornafn, í stað þess að greina þau sem samband *sjálfur* og eignarfornafns. Ástæðan er sú að þau haga sér öðruvísi í beygingu en hvor liður um sig. Þau haga sér reyndar líka öðruvísi setningafræðilega en það er ekki til umræðu hér. Hitt er svo annað mál í hvaða flokk fornafna þessi sambönd eigi að falla.

Og að lokum: Hvað er þá rétt? Því svarar hver fyrir sig, en mér finnst engin rök vera til þess að amast við *sjálfs síns* og mæli þess vegna með því að það sé viðurkennt, ásamt *sjálfs sín/sjálfri sín/sjálfrar sín*.



## HEIMILDIR

*Dæmi:* Fornmálsdæmi í greininni eru tekin úr útgáfum Svarts á hvítu á *Íslendinga sögum* (1985-86) og *Sturlungu* (1988), og útgáfu Máls og menningar á *Heimskringlu* (1991). Dæmi frá 16.-19. öld eru sótt í söfn Orðabókar Háskólans (ýmist Ritmálssafn eða Textasafn). Þar er alls staðar er vísað til heimildar og því þótti ástæðulaust að tilgreina einstök rit hér. Nútímamálsdæmi eru tekin af netinu. Ég hef ekki séð ástæðu til að vísa í þær vefsíður þar sem dæmin er að finna, en varðveiti gagnagrunn með nánari upplýsingum um hvert dæmi – bæði slóð og hvenær dæmið var sótt.

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. 4. útg. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík
- Fritzner, Johan, 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Nytt uforandret opptrykk av 2. utgave (1883—1896) med et bind tillegg og rettelser redigert av Didrik Arup Seip og Trygve Knudsen. Tryggve Juul Møller forlag, Oslo.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð 1987 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. <http://lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=innsl>
- Textasafn Orðabókar Háskólans. <http://www.lexis.hi.is/corpus/leit.pl>
- Þórunn Blöndal. 2005. *Lifandi mál*. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

## SUMMARY

This paper discusses the use and historical development of the combination *sjálfur* ‘self’ + possessive pronoun. It is shown that in Old Icelandic, the possessive pronoun agreed in gender, number, and case with the noun that it modified, whereas *sjálfur* stood in the genitive, agreeing in number and case with its antecedent. Already in Old Icelandic, however, there is tendency to have *sjálfur* in the genitive preceding the possessive pronoun and placing the latter also in the genitive. Thus, alongside the original *eigu sinni* (fem. sg. dat.) *sjálfs* (masc. sg. gen.) (possession her self, i.e. ‘her own possession’), we get *eigu sjálfs* (masc. sg. gen.) *síns* (masc. sg. gen.).

From the 16th to the 19th century, the type *sjálfs síns* is the only one we find in written texts. Towards the end of the 19th century, however, we begin to find examples with *sín* instead of *síns*. This variant becomes dominant in the 20th century, and the other variant is then degraded and considered wrong usage.

In Modern Icelandic, both the *sín*-variant and the *síns*-variant are very common – the latter especially in informal language. However, the variation is mainly found with the genitive form *sjálfs*, i.e. masc. and neut. sg. – in fem. sg. and masc. fem. neut. pl., where the forms are *sjálfrar* and *sjálfra*, respectively, the *sín*-variant is overwhelmingly dominant. In Modern Icelandic, it is also possible to find examples where the masc./neut. sg. form *sjálfs* refers to an antecedent in fem. sg. or in pl.

The author concludes that the combination *sjálfs sín(s)* must be analyzed as a special pronoun, rather than a combination of two pronouns.

Eiríkur Rögnvaldsson  
Háskóla Íslands  
Árnagarði við Suðurgötu  
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND  
[eirikum@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)